



# VET-READY

**WP3 A2 Efni fyrir próf nemenda**

**Fjölvalspróf sem metur hæfni**

**EINING 3: VIÐBÚNAÐUR VEGNA NEYÐARÁSTANDS  
Í SKÓGLENDI OG ÓBYGGÐUM**

**ÞJÁLFUNARLOTA 16: Nauðsynleg færni til að  
bregðast við skógareldum og öðrum hamförum**

Verkefnisnúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by  
the European Union

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og þau viðhorf sem koma hér fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspeгла ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né styrkveitendur bera ábyrgð á innihaldi verkefnisins.

Spurning	Valmöguleikar (merkið rétt svar með x)	
1. Hvaða færni ættu kennarar að leggja áherslu á til að draga úr ósjálfstæði nemenda í náttúruhamförum?	a) Notkun á GPS tæki	
	b) Hefðbundnar leiðsöguaðferðir, svo sem notkun landakorts, áttavita og stefnumörkun út frá sólinni	x
	c) Merkjatæki	
	d) Að leggja neyðarnúmer á minnið	
2. Hvert er fyrsta og mikilvægasta skrefið þegar gróðureldur brýst út samkvæmt efni þessarar lotu?	a) Að reyna að slökkva eldinn með vatni eða mold sem er tiltæk	
	b) Að hlaupa að næsta byggðalagi til að leita hjálpar	
	c) Að hringja strax í neyðarnúmer 112 eða 177 til að tilkynna aðstæðurnar	x
	d) Að virkja aðra í kring til að reyna að slökkva eldinn	
3. Hvaða skyndihjálparaðferð ætti algjörlega að forðast við snákabit í náttúruferð?	a) Að þvo bitstaðinn með sápuvatni	
	b) Að lágmarka hreyfingu einstaklingsins	
	c) Að setja þrýstiband eða skera sárið til að reyna að sjúga út eitrið	x
	d) Að fjarlægja skartgrip í nálægt bitstaðnum	
4. Samkvæmt S.T.O.P.-reglunni í einingunni, hvert er fyrsta skrefið áður en skelfing tekur yfir?	a) Hugsa	
	b) Stöðva	x
	c) Athuga	
	d) Skipuleggja	
5. Hver eru réttustu viðbrögðin ef þú strandar í skógi og getur ekki hringt eftir hjálp?	a) Að yfirgefa farartækið og ganga að næsta þjóðvegi	
	b) Að vera nálægt farartækinu og bíða eftir að björgunarteymi finni þig	x
	c) Að reyna að snúa bílnum við og fara til baka	



	d) Að klífa næsta hól til að leita að símasambandi	
6. Hver er fyrsta varúðarráðstöfunin þegar vart verður við tæknilegt eða iðnaðarlegt slys (til dæmis efnaleka) í skóglendi?	a) Að skoða upptök lekans	
	b) Að hringja strax í 112 og tilkynna yfirvöldum um stöðuna	
	c) Að átta sig á vindáttinni og fara strax undan vindi, í burtu frá mengaða loftinu	x
	d) Að nota klút til að sía vatnið	
7. Hvað er það sem má alls ekki gera þegar veitt er skyndihjálp til manneskju sem þjáist af ofkælingu vegna mikils kulda?	a) Að færa viðkomandi á hlýjan og þurrar stað	
	b) Að klæða viðkomandi úr blautum fötum og vefja hann inn í þurrt teppi.	
	c) Setja volga hitapúða á hand- og fótleggi einstaklingsins	x
	d) Setja volga hitapúða á háls og bringu einstaklingsins	
8. Hvaða hjálpartæki er áhrifaríkast til að gefa merki um hjálp og heyrir lengst að þegar þú ert villt/ur í skóginum?	a) Að öskra hátt	
	b) Að kveikja og slökkva á vasaljósi mörgum sinnum	
	c) Flauta	x
	d) Að gefa merki með spegli	
9. Hvaða plöntu- eða sveppategund er sérstaklega löggð áhersla á að þú eigir aldrei að borða þegar þú ert í útilegu í skóginum?	a) Túnsól	
	b) Ætar og óeittraðar jurtir	
	c) Allar plöntur eða sveppir sem þú þekkir ekki.	x
	d) Bláber	
10. Í þjálfunarefninu kemur fram að yfir 90% skógarelda séu af mannavöldum. Hvaða hegðun ættu kennarar að leggja áherslu á hjá nemendum í þessu samhengi?	a) Hversu hratt viðbragðsaðilar geta komist á staðinn	
	b) Hvernig á að nota slökkvibúnað	
	c) Hversu hratt eldur breiðist út	
	d) Að besta leiðin til að berjast gegn eldi sé að koma í veg fyrir hann, og að jafnvel smávægilegt kæruleysi geti leitt til stórfelldra hamfara	x







# VET-READY

**Yourwebsitename.eu**

Fylgdu okkur



Co-funded by  
the European Union